

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn		
Prófdagur:	4. maí 2013	Kl.:	09:00 til 13:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð	
		þmt. forsíða):	4
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin, Kauphöll Íslands hf.)	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – 5%

Hvaða reglur gilda um innra eftirlit fjármálafyrirtækja?

2. verkefni – 5%

Skilgreindu hugtakið *viðurkenndur gagnaðili*, hverjir það eru, hvaða sérreglur gilda um þá og af hverju.

3. verkefni – 5%

Svavar hefur verið með öll sín bankaviðskipti hjá Samvinnubankanum en ákveður að skipta yfir til Sparibankans. Þangað kominn er hann beðinn um að fylla út eyðublað um könnun á áreiðanleika viðskiptamanns vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Svavar segist ekki þurfa að gera það enda alltaf búinn að vera með öll sín bankaviðskipti á Íslandi.

Hefur hann rétt fyrir sér? Rökstyðjið svarið.

4. verkefni – 5%

Hver er helsti munurinn á markaðssetningu íslensks verðbréfasjóðs og íslensks fjárfestingarsjóðs erlendis?

5. verkefni – 10%

Þú starfar sem regluvörður hjá félagi sem er að undirbúa skráningu á markað eftir nokkrar vikur og verið er að undirbúa röð af fundum með fjárfestum strax eftir að umsókn hefur verið send til FME og Nasdaq-OMX.

Skrifaðu upp þau atriði sem stjórnendur og regluvörður þurfa að passa upp á þegar þeir tala við fjárfesta og hvaða varúðarreglur eru fyrir hendi til að verja félagið.

6. verkefni – 10%

Sófus er íslenskufraeðingur að mennt og hefur um langt árabil starfað á íslenskum blaðamarkaði. Sófus hefur starfað víða og skrifað um ýmis málefni, allt frá blómarækt til bíla. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur Sófus beint sjónum sínum meira að efnahagsmálum. Fyrir einu ári fékk Sófus starf á vikublaði og hóf að skrifa um kosti og galla þess að fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum.

Sófus fór að taka eftir því að nánast í hvert skipti sem hann mælti með kaup eða sölu á tilteknu hlutabréfi hreyfðist gengi hlutabréfsins í þá átt sem hann hafði mælt fyrir um. Sófusi datt nú í hug að fjárfesta sjálfur í hlutabréfum tiltekinnna útgefenda, sem Sófus taldi álitlega fjárfestingarkosti, og skrifa lofsamlega um þá í pistlum sínum. Sófus gætti að því að taka fram í pistlum sínum að hann hefði sjálfur fjárfest í viðkomandi hlutabréfum. Eftir birtingu pistlanna hækkðu oft bréfin sem Sófus skrifaði um. Þegar það gerðist seldi Sófus öll hlutabréf sín í viðkomandi útgefanda.

Fjallið um þau álitafni sem koma upp út frá skrifum Sófusar og fjárfestinga hans.

7. verkefni – 15%

Á hlutabréfamarkað Nasdaq-OMX eru skráð hlutabréf íslensks framleiðslufyrirtækis. Um er að ræða áratuga gamalt fyrirtæki sem ávallt hefur gengið vel. Fyrir þremur árum var nýr forstjóri ráðinn en reksturinn hefur verið mjög þungur undir hans stjórn. Verð hlutabréfanna hefur því farið lækkandi frá því að hann tók við. Gengið hefur verið um 88 krónur á hlut í nokkurn tíma.

Stjórn framleiðslufyrirtækisins ákvað á fundi sínum 23. ágúst sl., klukkan 9:50, að forstjórinn skyldi hætta frá og með 31. desember 2013. Jafnframt var ákveðið að nýráðinn fjármálastjóri fyrirtækisins, sem var álitinn vonarstjarna, skyldi taka við starfi forstjóra. Klukkan 10:02 var Nasdaq-OMX og FME tilkynnt um breytingarnar. Klukkan 10:32 var tilkynning send í tilkynningarkerfi Nasdaq-OMX.

Eftir að tilkynningin birtist hækkaði verð hlutabréfa í 114 krónur á hlut og seinna í 118 krónur á hlut.

Gunnar hafði átt hlutabréf í fyrirtækinu í nokkur ár en seldi þau öll í júlí sl. á 88 krónur á hlut. Þegar Gunnar sá hvað hlutabréfin hækkuðu mikið eftir tilkynningu fyrirtækisins varð Gunnar mjög ósáttur og fór að kanna málið.

Einn stjórnarmaður í fyrirtækinu var gamall vinur Gunnars og hann sagði Gunnari að forstjórinn hefði í júní sama ár sagt stjórnarformanninum og fjármálastjóranum að hann byðist til að hætta í starfi í lok ársins og best væri að fjármálastjórinn tæki við. Stjórnarmaðurinn var tilbúinn að bera vitni um vitneskju sína hvar og hvenær sem er. Einnig sagði stjórnarmaðurinn að þrír af fimm stjórnarmönnum vissu um það sem forstjórinn hafði sagt.

Hvaða atriði í ofangreindri lýsingu þarfnast skoðunar að þínu mati og hvaða afleiðingar gætu aðgerðir og aðgerðaleyfi stjórnarformannsins haft?

8. verkefni – 15%

Elísabet, eðlisfræðikennari í framhaldsskóla, átti 15 milljónir króna á sparireikningi, sem hún hafði erfð eftir foreldra sína og var orðin þreytt á að fá bara lága innlánsvexti á. Hún fór til Sparibankans og hitti Sigríði viðskiptastjóra. Það varð úr að Elísabet undirritaði eignarstýringarsamning við bankann. Við mótun fjárfestingarstefnu var ákveðið að fjárfesta ætti með traustum hætti fyrir 8 milljónir „(hlutur 1)“ en að 7 milljónir skyldi vera varið til fjárfestinga með það markmið að ná hærri ávöxtun en sem nemur innlánsvöxtum „(hlutur 2)“.

Sigríður áætlaði að fjárfesta sem svaraði 4 milljónir af „trausta hlutanum“ („hlutur 1“) í verðbréfasjóði sem fjárfesti í hlutabréfum útgefnum af fasteignafélögum, en eftir samtal við samstarfsfélaga sína ákvað hún frekar að fjárfesta þann hluta í hlutabréfum eins fasteignafélags. Það þótti henni traustara, auk þess sem hún hafði sjálf fjárfest í hlutabréfum þessa fasteignafélags og hafði fengið ágætis ávöxtun á þá peninga.

Sigríður lét ekki þar við sitja heldur fjárfesti einnig fyrir 3 milljónir af „hlutur 2“ í hlutabréfum þessa sama fasteignafélags. Að öðru leyti fjárfesti hún í öðrum hlutabréfum og skuldabréfum, útgefnum bæði af einkaaðilum og ríkinu eða með ábyrgð ríkisins.

Að hálfu ári liðnu, þegar Elísabet fær ársyfirlitið sitt, sér hún að verð hlutabréfanna í fasteignafélaginu hafði lækkað mikið. Hún fer á fund hjá Sigríði og segist vilja selja

hlutabréfin strax en Sigríður ráðleggur henni að hinkra þar sem „ástandið fari örugglega að batna“ þar sem félagið sé í yfirtökufæri og við það muni verð bréfanna hækka. Að þremur mánuðum liðnum er hins vegar ljóst að ekkert verður af yfirtökunni og verð hlutabréfanna hefur lækkað enn meir.

Elísabet telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessara viðskipta og sendir inn kvörtun til yfirmanns Sigríðar og setur fram ósk um að bankinn bæti henni tapið.

Þú ert að undirbúa svar bankans – hvaða atriði þarf að skoða og hver er líkleg niðurstaða?

9. verkefni – 15%

Nýráðinn framkvæmdastjóri hjá stóru fjárfestingarfélagi fær það verkefni frá stjórn að semja við fjármálafyrirtæki um vörslu og ávöxtun fjármálagerninga. Stjórn félagsins hefur verið mjög varfærin frá árinu 2008 og hefur að mestu ávaxtað fé félagsins í innlánnum og ríkisskuldabréfum og ekkert verið á markaðnum að öðru leyti. Framkvæmdastjórinn er nýútskrifaður með MBA frá bandarískum háskóla og er starfreynsla hans úr rekstri erlendis en hann hefur enga reynslu af fjármálamarkaðnum. Áhugi er hjá félaginu að auka áhættu sína og fjárfesta í uppbyggingu íslensks atvinnulífs bæði í óskráðum hlutabréfum, skráðum hlutabréfum og framvirkum samningum.

Þú færð það verkefni í fjármálafyrirtækinu að skoða það með hvaða hætti sé hægt að bregðast við ósk félagsins. Útskýrðu hvaða atriði þurfa að koma til skoðunar. Rökstyddu svarið.

10. verkefni – 15%

a) 10%

Jón er starfsmaður markaðsdeildar Sparibankans og hefur umsjón með markaðssetningu afurða eignarstýringarsviðs. Sem slíkur hefur hann daglega nán samskipti við starfsmenn eignastýringarsviðs. Sparibankinn hefur umsjón með útboði og skráningu hlutabréfa félagsins A á skipulegan verðbréfamarkað. Það er mikið fjör á eignarstýringarsviði bankans vegna útboðsins og Jón smitast af því og langar að kaupa hlutabréf í útboðinu á bréfum í A.

Útskýrið í stuttu máli það regluverk sem gildir um kaup og sölu Jóns á hlutabréfunum.

b) 5%

Jón hittir æskufélaga sína í keilu eitt kvöldið þegar aðeins nokkrir dagar eru þar til útboðið hefst. Hann segir þeim frá því að starfsmenn eignastýringarsviðs bankans ætli að bjóða í mun stærri hlut í útboðinu fyrir hönd viðskiptavina bankans heldur en þeir þurfa þar sem þeir búast við mikilli þátttöku í útboðinu og að skerðing verði ákvörðuð hlutfallslega í samræmi við útboðsskilmála.

Ræðið stuttlega hvaða reglur gilda um samtal Jóns.